

Nd.

470. Átt.

um frumvarp til laga um stofnun kennaraembættis í hágnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Þó að jeg sje að miklu leyti fyllilega samdóma meiri hluta nefndarinnar, sjerstaklega í því, að ekki sje ástæða til að stofna embætti það, er frumvarp þetta fer fram á, þá hefi jeg ekki getað fallist á að rjett sje að veita dr. Guðmundi Finnbogasynti fje, til þess að gera tilraunir til þess að bæta vinnubrögð í landinu

á þann hátt, er hann hugsar sjer. Jeg tel engin líkindi til að fjárveiting þessi komi að tilætluðum notum og er henni því mótfallinn.

Eins og tekið er fram í álitu meiri hluta nefndarinnar, hefir öll framför í vinnubrögðum vorum, eða nálega öll, komið frá útlendum mönnum, sem hafa kunnað verkin og fengið langa æfingu í að *vinna þau*. Jeg býst við að við verðum framvegis að sækja þekkingu og leiðbeiningu, betri vinnuáhöld og vinnulag til þeirra manna, sem standa almenningi frammar í verkkunnáttu og verkstjórn, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir. Ef hugsa skal til sjerstakrar kenstu í þessum efnum, þá geta að mínu álitu ekki aðrir verið því kenstustarfi vaxnir en þeir, sem reynslan hefir sýnt að eru bæði *afburðamenn í því að vinna verkin sjálfir* og auk þess hafa sámilega kennarahæfileika. En að dr. Guðmundur Finnbogason sje öðrum betri vinnumaður tel jeg vafasamt, þrátt fyrir það að jeg hefi mjög miklar mætur á mannum, og mjer, sem og almenningi, sje alkunnugt, að hann sje góður rithöfundur og sálarfræðingur.

Þó mjer sje það mörgum öðrum fremur áhugamál að vinnubrögð vor batni, þá þykist jeg fullviss um að það sje ekki sú rjetta aðferð til þess, að taka þann til kennara, sem fyrst þarf, ef til vill, að læra verkin sjálfur. Jeg tel jafnvel að dr. Guðmundi Finnbogasyni sje litill greiði ger með fjárveiting í þessa átt, því ekki vex álit hans við þetta starf, ef það kemur að litlum eða engum notum, sem jeg tel líklegast.

Alþingi 20. ágúst 1915.

Hjörtur Snorrason.